

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólgata 4
101 Reykjavík

Reykjavík 14. júní 2021

Efni: Umsögn Landssambands ungmennafélaga um drög að aðgerðaráætlun vegna stefnu um tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna, mál nr. 121/2021

Landssamband ungmennafélaga (LUF) hefur fundað um drög þessi og í aðalatriðum er hér með vísað í [umsögn](#) félagsins um stefnuna. LUF telur að aðgerðaráætlun sem þessi sé vel til þess fallin að koma áætlunum í stefnu til framkvæmda. Umfram þær athugasemdir sem þegar hafa borist frá telur félagið að lengra megi ganga í átt að innleiðingu stefnunnar sem áætlunin er byggð á. Ein einföld leið að því marki er t.a.m. að tiltaka að tryggja skuli aðkomu ungs fólks í þeim aðgerðum sem lagðar eru fram. Tillögur LUF að viðbótaráherslum við aðgerðaráætlunina skiptast í eftirfarandi:

1. Tryggja aðkomu og frumkvæði ungs fólks í samræmi við tillögu að stefnu.
2. Ný lög algjört forgangsatriði.
3. Ekkert gerist án fjármögnunar.

1. Tryggja aðkomu og frumkvæði ungs fólks

Til þess að ganga í átt að markmiðum í tillögum Æskulýðsráðs að stefnunni telur LUF nauðsynlegt að taka skýrt fram í aðgerðum/leiðum að virk aðkoma ungs fólks skuli tryggð þar sem því verður komið við. Þetta á þó sérstaklega við um alla hópa og aðila sem ætlað er að fylgja eftir stefnunni. Sem dæmi má nefna að í starfshópum sem ætlað er að móta umgjörð um starfsemi ungs fólks er nauðsynlegt að tryggja aðkomu ungs fólks. Raunar ætti vinnan að vera unnin á þeirra forsendum og frumkvæði þeirra virkjað til hins ýtrasta.

Einnig er vert að benda á að öflugur þjónustuvettvangur í samræmi við markmið nr. 1.2. í aðgerðaráætluninni er nauðsynlegur fyrir réttindabaráttu og hagsmunastarf ungs fólks á Íslandi. Á það hefur LUF bent í fjölda ára. Slíkur þjónustuvettvangur er þó með öllu tilgangslaus og eyðsla á almannafé ef ekki er hugsað út í það að tryggja frumkvæði ungs fólks við rekstur slíks þjónustukjarna. Þessi áhersla LUF samræmist að öllu tillögum Æskulýðsráðs að stefnu í málaflokkum, þá sérstaklega markmiðum í stefnu um framboð og inntak ungmennastarfs. Slíkur kjarni þarf að vera rekinn á faglegum jafningjagrundvelli til að tryggja að hann sé aðgengilegur öllum og sniðinn að þörfum ungs fólks.

Tillögur LUF:

a) Tekið skal fram að aðkoma ungs fólks sé tryggð þar sem aðgerðir felast í eða krefjast starfshóps og/eða áætlunargerða.

b) Aðgerð að markmiði 1.2. gangi út frá því að fjármagnaður verði þjónustuvettvangur sem rekinn er af frumkvæði ungs fólks og á þeirra forsendum.

2. Ný lög algjört forgangsattriði

Líkt og LUF benti á í umsögn sinni um stefnu málaflokksins skiptir ábyrgð og eftirfylgni öllu máli. Þó svo að ábyrgð sé sett á ráðuneytið og formlegs ráðs innan ráðuneytisins í aðgerðaráætluninni er slíkt aldrei fast í hendi ef ekki er gengið lengra. Svo hægt sé að ganga að því vísu að hægt verði að ganga á eftir ábyrgðaraðilum og tryggja eftirfylgni mála þarf að koma slíku í réttan búning sem allra fyrst.

LUF telur ný lög algjört lykilatriði í þessum efnum og hvetur Mennta- og menningarmálaráðuneytið til að setja upp metnaðarfulla áætlun við endurskoðun lagaumhverfisins.

Tillaga LUF:

Lagður verði enn meiri metnaður í vinnu við setningu nýrra laga og tímalínu áfanga flýtt eins og kostur er.

3. Ekkert gerist án fjármögnunar

Segja má að stefna málaflokksins standi og falli með aðgerðaráætluninni og að markmið og aðgerðir þar standist. Hætt er við að aðgerðir kunni að daga uppi ef ekki er eyrnamerkt fjármagn í alla þá vinnu sem leggjast þarf í þá þegar.¹ LUF telur því mikilvægt að ráðuneytið leggist þegar í þá vinnu að tryggja aðgerðum næga fjármögnun svo starfshópar og aðrir ábyrgðaraðilar geti sinnt sínum verkefnum af fullum þunga.

Varðandi markmið 4.1. í aðgerðaráætluninni og aðgerðir undir því er það reynsla LUF að samkeppni um tíma einstaklinga er sífellt að aukast. Af reynslu LUF að dæma er vænlegast til árangurs að skapa jákvæða hvata fyrir sjálfbóðaliða og veita þeim tækifæri til að öðlast nýja reynslu og hæfni sem nýtist til frambúðar. Þá skiptir meginmáli að umgjörð fyrir sjálfbóðaliða sé til fyrirmyndar en hér á landi hefur aðstaða og umgjörð verið á undanhaldi. Sem dæmi má nefna að sjálfbóðaliðar á vegum LUF hafa gjarnan neyðst til að greiða með sér á sama tíma og

¹ Sjá [umsögn](#) LUF um frumvarp til fjárlaga 2021 og tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2021, október 2020.

þeir gefa tíma sinn í vinnu. Þetta er afsprengi þess að ekki sé kostur á að greiða ferðakostnað og dagpeninga.²

Tillögur LUF:

a) Mennta- og menningarmálaráðuneytið eyrnamerki fé til þess að tryggja að hægt verði að hefja vinnu við endurskoðun laga, samningsgerð við þjónustumiðstöð og endurskoðun fjárframlaga.

b) Bætt verði við aðgerð/leið til að takmarka kostnað sjálfbóðaliða af störfum sínum. Annað hvort undir markmiði 4.2 um að minnka brottfall sjálfbóðaliða og starfsfólks eða markmiði 1.3 um aukin fjárframlög.

Samþykkt á stjórnarfundum LUF 14. júní 2021

Virðingarfyllst f.h. LUF
Una Hildardóttir, forseti LUF
una@youth.is

² Sjá skýrslu LUF: [Staða ungmennageirans: Greining á rekstrarumhverfi ungmennafélaga á Íslandi](#), febrúar 2021.